



Fornleifavernd
ríkisins



Ársskýrsla 2012

Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns	2
Skipulag og umhverfismat	4
Fornleifarannsóknir	6
Nokkur verkefni ársins 2012	10
Gerð sjónvarpsmyndar um „Fjallkonuna“	10
CARARE	12
Raðtilnefning víkingaminja	13
EAC—European Archaeological Council	13
Stöng í Þjórsárdal—hugmyndasamkeppni	14
Fjármál	15
Önnur starfsemi	17
Rannsóknir	17
Viðgerðir og viðhald	18
Útgáfa	19
Fyrirlestrar og kennsla	19
Almannatengsl, kynning, leiðsögn	20
Félagsstarf	20
Samstarfsverkefni	21
Námskeið, ráðstefnur, nám	22
Upplýsingaskilti	23
Friðlýsingar	23
Umsagnir um lagafrumvörp	23
Umsagnir um útflutning menningarminja	24
Sumarstarfsmenn	24
Starfsstöðvar og starfsfólk	25

Ávarp forstöðumanns

Árið 2012 var ár væntanlegra breytinga á minjavörslu á Íslandi en jafnframt ár spennandi verkefna. Mennta- og menningarmálaráðherra hafði lagt fram frumvarp til laga um menningarminjar í lok nóvember 2011. Það var síðar samþykkt sem lög nr. 80/2012 sem gengu í gildi 1. janúar 2013. Samkvæmt nýju lögnum voru Fornleifavernd ríkisins og Húsfriðunarnefnd ríkisins sameinaðar í nýja ríkisstofnun, Minjastofnun Íslands, sem fékk það hlutverk að stýra hús- og fornleifavernd landsins auk fleiri verkefna.

Á árinu 2012 fékk Fornleifavernd ríkisins styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að standa fyrir hugmyndasamkeppni um bætt aðgengi að minjum við Stöng í Þjórsárdal og miðlun upplýsinga um þær. Eftt var til hugmyndasamkeppni í samvinnu við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, ferðamálafulltrúa uppsveita Árnæssýslu og Arkitektafélag Íslands og bærust 13 mjög áhugaverðar og fjölbreyttar tillögur. Höfundar tillögunnar sem fékk fyrstu verðlaun voru Karl Kvaran, arkitekt og skipulagsfræðingur og Sahar Ghaderi, arkitekt. Vel þótti staðið að samkeppninni og fékkst styrkur til að halda verkefninu áfram.

Bygging húss yfir Þorláksbúð í Skálholti hafði verið mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum árið 2011 og efndi Fornleifavernd ríkisins því til fundar 6. janúar þar sem fjallað var um endurgerð minja og sýn Fornleifaverndar ríkisins á slíka endurgerð. Fundurinn var mjög vel sóttur.

Starfsfólk Fornleifaverndar ríkisins var öflugt í erlendu og innlendu samstarfi eins og fyrri ár.

Starfsmaður stofnunarinnar stýrði vinnu við tilnefningu sjö víkingaminjastaða í fimm löndum á heimsminjaskrá UNESCO. Evrópuverkefninu CARARE lauk með glæsilegri ráðstefnu og námskeiði um notkun þrívíddartækni við að miðla upplýsingum um menningararfinn.

Starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins tók þátt í gerð sjónvarpsmyndar um svokallaða „Fjallkonu“, leifar konu frá landnámsöld sem fundust ásamt glæsilegum gripum á Vestdalsheiði sumarið 2004 og starfsfólk stofnunarinnar flutti fjölda fyrirlestra og kynningar bæði innanlands og erlendis.

Árið 2012 var síðasta starfsár Fornleifaverndar ríkisins. Stofnunin varð ekki verulega öflug þar sem hún fékk ekki fjárhagslegan stuðning til að reka markvissa minjavörslu. Á árunum 2002 til 2012 fékk hún um 3% af því fjármagni sem varið var til minja- og náttúruverndar á Íslandi og nægði það fjármagn engan veginn til að sinna öllum þeim verkefnum sem henni voru falin í þjóðminjalögum nr. 107/2001. Það var stofnuninni til happs að hjá henni starfaði duglegt fólk sem vann fórnfúst starf við erfiðar aðstæður í heil tíu ár.



Kristín Huld Sigurðardóttir





Mynd 2 Unnið að rannsóknum í Surtshelli

Skipulag og umhverfismat

Samkvæmt þjóðminjalögum nr. 2001/107 skal skrá fornleifar vegna svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags eða endurskoðunar þess. Þetta er gert til að tryggja að tekið sé tillit til fornleifa við skipulagsgerð og framkvæmdir. Menningarminjar eru einnig teknar til skoðunar í umhverfismati.

Tafla 1

Umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun aðalskipulags 2012	
Vesturland	4
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	0
Austurland	1
Suðurland	2
Reykjanes	3
Reykjavík	

Árið 2012 voru umsagnir um aðalskipulög 12 og einungis var óskað eftir umsögn vegna eins svæðisskipulags.

Tafla 2

Umsagnir um deiliskipulag og byggingarreiti 2012	
Vesturland	31
Vestfirðir	5
Norðurland vestra	18
Norðurland eystra	9
Austurland	5
Suðurland	54
Reykjanes	6
Reykjavík	

Árið 2012 voru umsagnir um deiliskipulög og byggingarreiti 128 talsins.

Umsagnir um umhverfismats voru 7, umhverfismatsskyldu 23 og umsagnir um tillögu að matsáætlun 7 (töflur 3—5).

Tafla 3

Umsagnir um umhverfismat 2012	
Vesturland	0
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	2
Austurland	1
Suðurland	1
Reykjanes	1
Reykjavík	

Tafla 4

Umsagnir um umhverfismatsskyldu 2012	
Vesturland	3
Vestfirðir	4
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	5
Austurland	3
Suðurland	5
Reykjanes	2

Tafla 5

Umsagnir um tillögu að matsáætlun 2012	
Vesturland	
Vestfirðir	
Norðurland vestra	
Norðurland eystra	5
Austurland	1
Suðurland	
Reykjanes	1
Reykjavík	



Mynd 3. Járnvinnsluleifar rannsaðar í Skógum í Fnjóskalal

Fornleifarannsóknir

Árið 2012 veitti Fornleifavernd ríkisins, 36 leyfi til fornleifarannsókna. Voru þau færri en 2011, en það ár voru leyfisveitingarnar 41. Tuttugu og sjö leyfanna 2012 voru til vísindarannsókna, sjö vegna framkvæmdarannsókna og tvær voru björgunarrannsóknir.

Vogur í Höfnum í Reykjanesbæ. Rannsókn á landnámsskála og umhverfi. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt : 7. maí 2012.

Nes á Seltjarnarnesi. Nemendauppgröftur Háskóla Íslands. Rannsókn á Litlabæ og bæjarhól Ness. Ábyrgðaraðili: Gavin Lucas, Háskóla Íslands. Leyfi veitt: 7. maí 2012.

Skógar í Fnjóskadal. Rannsókn vegna Vaðlaheiðargangna. Ábyrgðaraðili: Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagafjarðar. Leyfi veitt: 8. maí 2012.

Alþingisreitir. Framhaldsrannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Vala Garðarsdóttir. Leyfi veitt: 25. maí 2012.

Svalbarð við Þistilfjörð. Framhaldsrannsókn, samband höfuðbólsins við við smærri nytjæðningar. Ábyrgðaraðili: Stefán Ólafsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt: 31. maí 2012.

Landamerkjapúfa í Álftaveri. Rannsókn til að ganga úr skugga um hvort þúfan er manngerð eða ekki. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt: 31. maí 2012.

Hellar í Landssveit, Rangárþingi ytra. Könnunarskurðir í rústir í bæjarhólsbakkanum sem kallast Kirkjur, nærliggjandi skálarúst, viðbyggingu og jarðhýsi. Ábyrgðaraðili: Margrét Hermanns Auðardóttir. Leyfi veitt: 31. maí 2012.

Kúabót í Álftaveri. Könnunarskurðir í hringlaga rými sem gengur út frá búi. Ábyrgðaraðili: Ármann Guðmundsson,

Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt: 4. júní 2012.

Arfabót í Álftaveri. Rannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt: 4. júní 2012.

Kirkjuból og Litlanes við Kerlingarfjörð. Rannsókn vegna vegagerðar. Ábyrgðaraðili: Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt: 8. júní 2012.

Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp, Svansvík, Sveinshús, Vatnsfjarðarsel og Látur. Framhaldsrannsókn á bæjarstæði auk samanburðarrannsókna á öskuhaugum annarra bæja í nágrenninu. Ábyrgðaraðili: Garðar Guðmundsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt: 19. júní 2012.

Ingiríðarstaðir í Þegjandadal. Framhaldsrannsókn á kumlateg. Ábyrgðaraðili: Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt: 19. júní 2012.

Gufuskálar á Snæfellsnesi. Framhaldsbjörgunarrannsókn á bæjarstæði og verstöð vegna ágangs sjávar. Ábyrgðaraðili: Lilja Björk Árnadóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt: 20. júní 2012.

Narfastaðir í Reykjadal, Þingeyjarsveit. Könnunarskurður í mögulegt kuml. Ábyrgðaraðili: Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt: 21. júní 2012.

Gröf og dauði. Rannsókn á allt að 13 meintum greftrunarstöðum á Norður og Vesturlandi. Ábyrgðaraðili: Orri Vésteinson, Háskóli Íslands. Leyfi veitt: 28. júní 2012.

Skriðuklaustur. Framhaldsrannsókn og frágangur á minjasvæði. Ábyrgðaraðili: Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustursrannsóknir. Leyfi veitt: 28. júní 2012.

Stóra-Seyla. Rannsókn á kirkju og kirkjugarði. Hluti af verkefninu Skagfirski kirkjurannsóknin. Ábyrgðaraðili: Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt: 28. júní 2012.

Hrísbrú, Leirvogur og Borg. Framhaldsrannsókn á Víkingaöldarminjum í Mosfellsdal. Ábyrgðaraðili: Jesse Byock, Víkingaminjar/UCLA. Leyfi veitt: 29. júní 2012.

Hofstaðir í Mývatnssveit. Framhaldsrannsókn á kirkjugarði. Ábyrgðaraðili: Oddgeir Iasksen, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt: 1. júlí 2012.

Seljarústir í landi Selja í Helgafellssveit. Hluti af rannsóknarverkefninu Selstöður á norðanverðu Snæfellsnesi. Ábyrgðaraðili: Sindri Ellertsson Csillag, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt: 5. júlí 2012.

Seljarústir í Gautsstaðagróf í landi Staðarbakka í Helgafellssveit. Hluti af rannsóknarverkefninu Selstöður á norðanverðu Snæfellsnesi. Ábyrgðaraðili: Sindri Ellertsson Csillag, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt: 5. júlí 2012.

Hólar í Hjaltadal og Kolkuós í Viðvíkur-sveit. Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili: Ragnheiður Traustadóttir, Hólarannsóknin. Leyfi veitt: 5. júlí 2012.

Möguleg fornbyli í landi Miklabæjar og Miðhúsa í Óslandshlíð og Málmey í Skagafirði. Rannsókn vegna ritunar Byggðasögu Skagafjarðar. Ábyrgðaraðili: Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagafjarðar. Leyfi veitt: 5. júlí 2012.

Siglunes við Siglufjörð í Fjallabyggð. Rannsókn á verbúðum og öskuhaugum sem eru í hættu vegna rofs. Ábyrgðaraðili: Birna Lárusdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt: 6. júlí 2012.

Skipholtskrókur á Hrunamannafrétti.

Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt: 20. júlí 2012.

Fornar rústir á Síðuheiðum. Rústir í landi Geirlands í Skaftárhreppi. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt: 31. júlí 2012.

Hrafnseyri við Arnarfjörð. Ábyrgðaraðili: Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt: 3. ágúst 2012.

Breiðavík í Vesturbyggð, Kollsvík í Vesturbyggð og Kálfanes í Strandasýslu. Ábyrgðaraðili: Ragnar Edvardsson, Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum. Leyfi veitt: 3. ágúst 2012.

Strákey og Kóngsey í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu. Ábyrgðaraðili: Ragnar



Mynd 4. Fornleifarannsókn í Vatnsfirði

Edvardsson, Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum. Leyfi veitt: 10. ágúst 2012.

Skálholt í Biskupstungum. Nemandarannsókn Háskóla Íslands. Ábyrgðaraðili: Gavin Lucas, Háskóla Íslands. Leyfi veitt: 27. ágúst 2012.

Bakki á Tjörnesi. Rannsókn vegna framkvæmda. 7 fornleifar. Ábyrgðaraðili: Oddgeir Isaksen, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt: 30. ágúst 2012.

Kuml í Garði. Könnunarskurður í mögulegt

kuml í landi Bræðraborgar og rannsókn á letursteini. Ábyrgðaraðili: Ragnheiður Traustadóttir, Háskólanum á Hólum. Leyfi veitt: 12. september 2012.

Kuml í Garði. Könnunarskurður í tvö möguleg kuml í landi Stóra Hólms (fornmannaleiði og dys Steinunnar gömlu). Ábyrgðaraðili: Ragnheiður Traustadóttir, Háskólanum á Hólum. Leyfi veitt: 12. september 2012.



Mynd 5. Nemar í fornleifafræði við þjálfun í Skálholti.

Undirstöður Krýsuvíkurkirkju. Rannsókn vegna endurgerðar kirkjunnar. Ábyrgðaraðili: Katrín Gunnarsdóttir, Byggðasafni Hafnarfjarðar. Leyfi veitt: 25. september 2012.

Alþingisreitir. Framhaldsrannsókn vegna framkvæmda, viðbót við fyrra leyfi. Ábyrgðaraðili: Vala Garðarsdóttir, MAS ehf. Leyfi veitt: 1. nóv. 2012.

Litla Hraun á Mýrum. Rannsókn á túngarði og tóft vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt: 1. nóv. 2012.



Mynd 6. Ársfundur Þjóðminjavarða Norðurlanda í Sogndal Noregi 4.—6. júní 2012.

Nokkur verkefni ársins 2012

Gerð sjónvarpsmyndar um „Fjallkonuna“

Árið 2012 var unnið að kvikmyndatökum fyrir sjónvarpsmynd um „Fjallkonuna“, svokölluðu. Heitið „Fjallkonan“ hefur verið notað um fund líkamsleifa og gripa 10. aldar konu í fjöllum norðvestan Seyðisfjarðar sumarið 2004. Fornleifavernd ríkisins stóð fyrir björgunarrannsókn á fornleifunum það sumar. Konan var ríkulega búin skarti en merkilegast við fundinn var þó að þar fundust á 6. hundrað perlur. Forsaga málsins er sú að kvikmyndafélagið Ljósop ehf. stakk upp á samstarfi við Fornleifavernd um gerð kvikmynda um fundinn og rannsóknir tengdar honum. Verkefnið hlaut styrk úr kvikmyndasjóði árið 2011. Sigurður Bergsteinsson, minjavörður Norðurlands vestra aðstoðaði við handritsgerð og lék jafnframt sjálfan sig í myndinni, en Sigurður stjórnaði rannsókn á fundinum. Kvikmyndaupptökurnar sjálfar fóru að mestu leyti fram á árinu 2012. Tökur sem snéru beint að Fornleifavernd ríkisins fóru fram á skrifstofu minjavarðar á Akureyri auk þess sem farnar voru tvær ferðir að fundarstaðnum, - önnur að vetri til hin að sumri. Fyrirferðarmest og tímafrekust var þó ferð til Norður-Noregs, þar sem skoðaðir voru gripir og greftrunarstaður konu, sem fékk einnig mörg hundruð perlur með sér í gröfina, - sú eina sem vitað er um frá þessum tíma á norræna menningarsvæðinu, auk „Fjallkonunnar“. Helgina 14. til 15. apríl var farið á fundarstað „Fjallkonunnar“, til þess að skoða svæðið og mynda að vetri til. Með í för voru Guðbergur Davíðsson kvikmyndagerðarmaður og Jón Ingi Sigurbjörnsson menntaskólakennari á Egilsstöðum, en hann tók þátt í rannsókninni og hefur verið tengill Fornleifaverndarinnar fyrir austan. Jón fékk björgunarsveit til að koma leiðangursmönnum á staðinn á sérbúnum bílum og snjósleðum. Þann 2. júní héldu Guðbergur Davíðsson

og Sigurður til Tromsø í Noregi til kvikmyndatöku. Þar áttu þeir stefnumót við sérfræðinga á Tromsø Museum og skoðuðum gripa úr gröf norsku perlukonunnar. Dagana 4. til 5. júní var haldið til Borgar á Lofoten þar sem safnið var skoðað. Þaðan var svo ekið til Steigen, en þar á Hagbardholmen fannst perlukonan norska. Í Steigen nutum við leiðsagnar fólks frá sögufélagi eyjarinnar. Daginn eftir var svo ekið til Bodø og flogið heim til Íslands með millilendingu og dvöl í Osló.

Ferðin til Osló nýttist vel til kvikmyndagerðarinnar, auk þess sem hún veitti Sigurði tækifæri til að komast í samband við sérfræðinga á staðnum. Þann 8. ágúst var enn haldið austur til kvikmyndatöku. Daginn eftir var farið á fundarstaðinn og gerðar leiknar upptökur af uppgreftinum. Með í för voru kvikmyndagerðarmennirnir Guðbergur Davíðsson og Örn Marinó Arnarson, Rannveig Þórhallsdóttir, Jón Ingi Sigurbjörnsson, Bjarki Borgþórsson og Sigurður Bergsteinsson sem léku grafara í endurgerðinni en öll höfðu þau tekið þátt í uppgreftinum sumarið 2004.



Mýns 7. Unnið að gerð kvikmynda um „Fjallkonuna“ á Íslandi.



Mynd 8. Fornleifarannsókn á Kolkuósi

Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd tóku saman þátt í Evrópuverkefninu CARARE sem lauk 2012.

CARARE er net nokkurra Evrópulanda sem er ætlað að stuðla að vönduðum vinnubrögðum, samvinnu og samhæfingu þátttakenda. Verkefnið er styrkt af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. CARARE leiðir saman margar stofnanir og fyrirtæki með mismunandi hlutverk víðs vegar úr Evrópu til að koma á fót þjónustu sem mun gera stafrænt efni um fornleifar og sögustaði samhæft við vefgáttina (sjá vefslóðina <http://www.carare.eu/>).

Verkefnið var til þriggja ára og hófst 1. febrúar 2010. Meginmarkmið þess var að virkja og styðja við net minjavörslustofnana, fornleifafræðilegra safna, rannsóknarstofnana og sérhæfðra stafrænna gagnasafna við að:

- gera stafræn gögn um fornleifar og byggingararfinn, aðgengileg í gegnum vefgáttina Europeana,
- samhæfa gögn og koma á fót gagnþjónustu,
- gera kleift að miðla áfram þrívíddargögnum og sýndarveruleika í gegnum Europeana.

Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðun luku verkefninu með því að halda ráðstefnuna ***Mening og miðlun—menningararfurinn í þrívídd*** 5. nóvember 2012. Markmiðið var að ná til og leiða saman fornleifafræðinga, fólk er starfar í minjavörslu og tæknimenntað fólk. Ráðstefnan hófst með kynningu á CARARE og framlagi Íslendinga. Þá kynnti Daniel Pletinckx þrívíddarverkefni CARARE. Seinni hluti ráðstefnunnar fjallaði um ýmis verkefni sem tengja saman þrívíddartæknina og menningararfinn. Vala Gunnarsdóttir sagði frá reynslu sinni af notkun Sketchup við að búa til

tilgátulíkan af klaustrinu á Skriðuklaustri og Óskar G. Sveinbjörnsson fjallaði um hvernig við skráum þrívíddargögn. Ráðstefnan var vel sótt og mættu um 70 manns.

Daginn eftir var haldinn afar fróðleg vinnustofa á Árbæjarsafni þar sem Daniel Pletinckx kenndi um notkun þrívíddargagna við miðlun um fornleifarannsóknir.



Mynd 9. Ráðstefna Carare 5. nóvember 2012.

Raðtilnefning víkingaminja á heimsminjaskrá UNESCO

Fornleifavernd ríkisins hefur stýrt vinnu við tilnefningu sjö víkingaminjastaða í 5 löndum á heimsminjaskrá UNESCO. Um er að ræða Þingvelli á Íslandi, Jelling og Trelleborg virkin í Danmörku, skipsgrafhaugana í Vestfold og kvarnasteinsnámurnar í Hyllestad í Noregi, Hedby og Danavirki í Schleswig-Holstein í Þýskalandi, og grafreit og byggðaleifar í Grobina í Lettlandi.

Verkefnisstjóri er Agnes Stefánsdóttir og í stjórn verkefnisins eru fulltrúar frá öllum þátttökulöndunum. Fulltrúi Íslands í stjórninni og jafnframt formaður hennar er Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, sérfræðingur í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Á árinu 2012 hittist stjórn verkefnisins á fjórum fundum, í Stokkhólmi, London, Reykjavík og Osló. Auk þess hittist sérstakur ráðgjafahópur verkefnisins eða hluti hans á tveimur fundum, í London og Kaupmannahöfn. Agnes kynnti verkefnið á ráðstefnu um Viking Routes í St. Pétursborg í Rússlandi í apríl.

EAC – European Archaeological Council

Fornleifavernd ríkisins er aðili að EAC og hefur fulltrúi frá stofnuninni setið í stjórn samtakanna frá 2004.

Aðalhlutverk EAC er að styðja við stjórnsýslu fornleifa í Evrópu og að þjóna þörfum stjórnsýslustofnana á því sviði, með því, meðal annars, að vera vettvangur fyrir stofnanirnar til að starfa saman og og skiptast á upplýsingum. Aðild að ráðinu er opin öllum opinberum aðilum/stofnunum sem sjá um stjórnsýslu fornleifa í Evrópu.

Agnes Stefánsdóttir var kosin í stjórn EAC á aðalfundi samtakanna í París í mars 2012 og tók þá sæti Kristínar Huldar Sigurðardóttur sem var fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins frá 2004—2012. Auk fundarins í París voru haldnir 3 stjórnarfundir á árinu, Kristín Huld Sigurðardóttir fór í janúar á fund í Belgíu og Agnes Stefánsdóttir fór á fund í Prag í júní og í Vín í október.

Í sambandi við aðalfundinn í París var haldin ráðstefna undir yfirskriftinni: *Perspectives on Public Awareness, Participation and Protection* og tóku Agnes og Kristín Huld þátt í ráðstefnunni auk málþings þar sem vinnuhópar á vegum EAC gáfu skýrslu. Kristín Huld hélt fyrirlestur á ráðstefnunni sem nefndur var: *The fight against Nature*.

Á árinu gaf EAC út ritið *Large-scale excavations in Europe: Fieldwork strategies and scientific outcome* sem er 6. ritið í ritröð samtakanna *EAC Occasional Paper*.



Stöng í Þjórsárdal— hugmyndasamkeppni.

Vorið 2012 fékk Fornleifavernd ríkisins styrk frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða (Ferðamálastofnun) til að standa fyrir hugmyndasamkeppni um að bæta aðgengi að minjum í Þjórsárdal og miðlun upplýsinga um þær.

Fornleifavernd ríkisins fékk ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnassýslu og Skeiða- og Gnúpverjahrepp til liðs við sig og síðar Arkitektafélag Íslands um að standa að samkeppninni.

Mynduð var fimm manna dómnefnd sem í voru:

Kristín Huld Sigurðardóttir formaður (fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins).

Gunnar Örn Marteinson oddviti og sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnassýslu og Flóa.

Steinþór Kári Kárason arkitekt og prófessor við LHÍ (tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands).

Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt og dósent við LBHÍ (tilnefnd af Félagi íslenskra landslagsarkitekta).

Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu var ritari dómnefndar.

Haraldur Helgason arkitekt FAÍ var trúnaðar-og umsjónarmaður dómnefndar.

Uggi Ævarsson minjavörður Suðurlands var ráðgjafi dómnefndar.

Gunnar Örn Marteinson oddviti og sveitarstjóri sagði sig úr dómnefnd og tók Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps sæti hans með samþykki Arkitektafélags Íslands.

Alls bárust 13 mjög góðar og áhugaverðar tillögur í keppnina.

Fyrstu verðalun hlutu Karl Kvaran arkitekt og skipulagsfræðingur og Sahar Ghaderi arkitekt sem starfa í París.

Önnur verðlaun hlutu Laufey Björg Sigurðardóttir og Eva Sigvaldadóttir arkitektar sem starfa í Osló.

Þriðju verðlaun hlutu Basalt Arkitektar í Reykjavík, þau Birgir Þröstur Jóhannsson, Harpa Heimisdóttir, Hrólfur Karl Celam Marcos Zotes og Sigríður Sigþórsdóttir, Hallmar Sigurðsson MA í menningarstjórnun og Jóhann Harðarson byggingarfræðingur. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra afhenti verðlaunin.

Í lok ársins fékk Fornleifavernd ríkisins tilkynningu um að stofnunin fengi framhaldsstyrk vegna verkefnisins árið 2013 og var því hafist handa við hönnun svæðisins skv. tillögum þeirra sem unnu fyrstu verðlaun.



Mynd 10. Verðlaunahafar í samkeppni um Þjórsárdal.



Mynd 11. Mennta- og menningarmálaráðherra skoðar verðlaunatillöguna og nýtur leiðsagnar Steinþórs Kára Kárasonar.

Opnun minjagarðs á Skriðuklaustri

Fornleifavernd ríkisins hafði á árunum 2002—2012 veitt leyfi til fornleifauppgrafter á Skriðuklaustri. Mikill áhuga var á meðal heimamanna um að gera minjarnar aðgengilegar fyrir ferðamenn. Var lagður mikill metnaður í að ganga vel frá minjastaðnum í samráði við Fornleifavernd ríkisins sem veitti Gunnarsstofu heimild til að nýta minjarnar í tengslum við menningarferðaþjónustu. Var gerð verndaráætlun vegna svæðisins sem var undirrituð 19. ágúst, en þann dag var minjasvæðið opnað fyrir almenning. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra opnaði svæðið og naut við það aðstoðar Kristínar Huldar Sigurðardóttur forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins. Meðfylgjandi mynd voru teknar við opnunina.



Fjármál

Eins og undanfarin ár var fjárhagsrammi Fornleifaverndar ríkisins mjög þröngur árið 2012. Engir minjaverðir voru starfandi á Vestfjörðum eða á Reykjanesi. Fornleifavernd ríkisins aflaði fjármagns vegna Evrópuverkefna sem stofnunin tekur þátt í og því reyndist vera tekjuafgangur í árslok.

Rekstrarreikningur 2012

Tekjur

Sértekjur	30.654.254
Markaðar tekjur	0
Aðrar rekstrartekjur	<u>0</u>
Tekjur samtals	<u>30.654.254</u>

Gjöld

Almennur rekstur	124.545.458
101 Fornleifavernd ríkisins	<u>124.545.458</u>
Gjöld samtals	<u>124.545.458</u>

Tekjur umfram gjöld	-93.891.204
Framlag úr ríkissjóði	95.200.000
Hagnaður/tap ársins	1.308.796



Mynd 11 Minjavörður Suðurlands rannsakar umfang- og eðli minja.

Önnur starfssemi

Rannsóknir

Agnes Stefánsdóttir stýrði fornleifarrannsókn á iðnaðarlóð í Grindavík 15. ágúst.

Gunnar Bollason fór snemma sumars ásamt Guðmundi Rafni Sigurðssyni framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs um Austfirði. Megintilgangur fararinnar var að skrá gamla niðurlagða kirkjugarðinn að Hólumum í Reyðarfirði en ferðinn nýttist til að ljósmynda flestöll friðuð minningarmörk í kirkjugörðum Austfjarða.

Gunnar Bollason hélt á árinu áfram við úrvinnslu gagna úr skráningu og rannsóknum á friðuðum minningarmörkum í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Gunnar Bollason fór 14. ágúst ásamt Minjaverði Vesturlands í könnunarleiðangur að Staðarfelli á Fellsströnd vegna fyrirhugaðra framkvæmda í kirkjugarðinum þar. Þá voru einnig skoðuð og ljósmynduð nýfundin minningarmörk sem komu upp úr kirkjugarðinum á Sauðafelli í Dölum þegar verið var að lagfæra kirkjugarðinn.

Gunnar Bollason fór 20. nóvember ásamt Guðmundi Rafni Sigurðssyni framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs og Halldóri Pedersen frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma í ferð um Borgarfjarðarprófastsdæmi til að kanna friðuð minningarmörk og ástand þeirra ásamt því að ljósmynda nokkur þeirra.

Inga Sóley Kristjónudóttir minjavörður Austurlands skoðaði skurði sem gerðir voru á golfvelli Egilsstaða, ekki fundust neinar minjar.

Inga Sóley Kristjónudóttir hafði eftirlit með framkvæmdum þegar grafið var fyrir nýjum grunni Gömlu-búðar á hafnarsvæði Hafnar. Nýr grunnur var skammt frá fyrstu staðsetningu Gömlu-búðar á Höfn í lok 19.

aldar. Í ljós komu töluverðar minjar frá miðbiki 20. aldar.

Inga Sóley Kristjónudóttir skráði friðlýstar minjar á vettvangi á eftirfarandi stöðum:

Bær. *Leifar forns nausts, niður undan bænum, við sjóinn.* Sbr. Árb. 1893: 32. Skjal undirritað af

MÞ 25.10.1930. Þinglýst 25.06.1931.

Stafafell. *Leifar fornbýlisins Böðvarsholts á Nautholti fyrir vestan Jökulsá við sjóinn.* Sbr. Kálund

1879-1882: 269. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 25.06.1931.⁸⁶

Hof. a. *"Kárahróf", svo nefnt, forn nausttóst á Ingólfshöfða.*

b. *Verbúðartóftir fjórar, uppi á Ingólfshöfða.* Sbr. Kálund 1879-1882: 288.

c. *Sýruker,"svo nefnt, höggvið í móklöpp; innanmál 1,63 met. x 1,32 m.; dýpt rúml. 1 m.* Sbr. Andvara 1895: 61. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930.

Þinglýst 29.06.1931.

Minjar á Bæ og Stafafelli fundust ekki þrátt fyrir mikla leit. Hluti friðlýstra minja fundust á Ingólfshöfða en þörf er á ítarlegri leit þar sem skilyrði voru ekki góð.

Einnig voru skoðuð aftur svæði sem áður höfðu verið könnuð vegna nýrra upplýsinga. Það voru:

Eiðar. I) *Tvær hringmyndaðar tóftir, fyrir utan túnjaðar.* Sbr. Kálund 1879-1882: 245. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930.

Þinglýst 26.01.1931.

Bakkagerðis kaupún. *Rústir eyðibýlisins Bakka.* Sbr. Sveitir og jarðir í Múlaþingi II: 384-385. Skjal undirritað af ÞM 08.11.1978. Þinglýst 21.11.1978.

Ós. *Fornar nausta- og verzlunar búðatóftir við Fjarðarós og í hólma fyrir Hafnarlandi.*

Sbr. Ant. Tidsskr. 1846-1848: 168; Kálund 1879-1882: 210. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931.⁸³

Dagana 12. –15. júní stjórnaði Kristinn Magnússon könnunaruppgrefti á Reykjum í Mosfellsbæ.

Magnús A. Sigurðsson hélt áfram átaki í að mæla upp og endurmeta friðlýstar minjar. Mældar voru upp 6 jarðir og 17 friðlýstar minjar. Að auki voru aðrar minjar á og við þessa friðlýstu staði mældar upp. Lögð var áhersla á að finna þær minjar sem eftir á að mæla upp og safna saman heimildum um þær. Unnið er að skýrslum um friðlýstar minjar í Borgarfjarðar-, Mýra-, og Dalasýslu, en þar er svo gott sem búið að mæla upp friðlýstar minjar sem enn eru sýnilegar.

Magnús A. Sigurðsson stýrði rannsókn á Flókatóftum við Brjánslæk í Vesturbyggð, 24.- 25. september.

Magnús A. Sigurðsson hafði framkvæmdaefirlit þegar stígur var lagður í Flatey í maí. Í júlí var farið að Flókatóftum, þær mældar upp og sýnataka undirbúin. Í september var farið með Kristni Magnússyni, fornleifafræðingi, að Flókatóftum, prufuskurðir grafnir og sýni tekin til aldursgreiningar.

Magnús A. Sigurðsson tók í ágúst þátt í rannsókn á minjum í Vígshelli, einum afhella Surtshellis, þar sem hellirinn og minjarnar voru myndaðar í bak og fyrir til að hægt yrði að gera þrívíddarlíkan af minjunum. Eins var farið yfir minjarnar og lausir gripir, er voru í hættu, fjarlægðir til varðveislu.

Magnús A. Sigurðsson fór í ágúst að Sauðafelli í Dölum til að gera úttekt á fornum kirkjugarði þar.

Magnús A. Sigurðsson fór í september að Síðumúlakirkjugarði til að teikna upp garðinn og grafa upp niðursokkin minningarmörk.

Magnús A. Sigurðsson fór í september tvisvar að Litla-Hrauni í Borgarbyggð vegna framkvæmda. Kom í ljós að minjar höfðu verið skemmdar svo gerðar voru athugasemdir við framkvæmdina. Í kjölfarið var fenginn utanaðkomandi aðili til að skrá og rannsaka minjar sem höfðu verið skemmdar og/eða í hættu vegna

framkvæmda, og skilaði hann skýrslum til Fornleifaverndar ríkisins að því loknu.

Sigurður Bergsteinsson kannaði umfang og eðli leifa öskuhaugs við Brekku í Aðaldal.

Sigurður Bergsteinsson kannaði og mældi upp friðlýstar minjar við Íshólsvatn í Bárðardal; við Fiská sunnan við Mýrar í Bárðardal; í Hrauntanga við Suðurárbotna í Bárðardal og uppi við Eyrarurð í Flateyjardal.

Uggi Ævarsson hefur lagt stund á heimildarannsóknir vegna endurmats á friðlýstum fornleifum og skráði á vettvangi friðlýstar fornleifar.

Þór Hjaltalín tekur þátt í *Vinlandsverkefninu* í samstarfi við dr. Jónas Kristjánsson, Kristján Jónasson, Kevin McAleese og Bjarna F. Einarsson um rannsóknir á byggðum norrænna manna á Nýfundnalandi.

Þór Hjaltalín vann fornleifakönnun á Hrauni á Ingjaldssandi vegna framkvæmda. Skurðir voru teknir á byggingarreit til að kanna hvort minjar lægju undir sverði. Svo reyndist ekki vera.

Viðgerðir og viðhald

Árið 2012 var efnt til hugmyndasamkeppni um Stöng í Þjórsárdal. Verðlaun voru veitt fyrir þrjár hugmyndir að hausti 2012. Uggi Ævarsson var ráðgjafi nefndarinnar sem fór yfir tillögurnar.

Magnús A. Sigurðsson hafði efirlit við Krosslaug í Lundareykjadal vegna töku auglýsingamyndar.

Á árinu voru hengdir á vegg í Snorrastofu legsteinar úr Borgarfirði sem Gunnar Bollason og Magnús A. Sigurðsson höfðu lagfært snemma árs 2011. Gunnar vann við ritun skýringatexta um steinana.

Í tengslum við rannsóknir á friðuðum minningarmörkum hefur samhliða verið gerð áætlun um viðgerðir á ýmsum þeirra.

Útgáfa

Haustið 2012 kom út hjá Fornleifavernd ríkisins bókin *Kjalarnesprófastsdæmi. Skráning og rannsókn á friðuðum minningarmörkum* eftir Gunnar Bollason (ISBN 978-9935-9090-0-8). Bókin er 163 bls með korti og skýringateikningum. Bókina prýða litmyndir af hverju skráðu minningarmarki, um 170 talsins og í henni er að finna 34 súlurit með skýringum á aldri minningamarka og fjölda gerða minningamarka í hverjum kirkjugarði.

Gunnar Bollason ritaði grein í *Bautastein* eins og orðinn er fastur liður ár hvert. „Þú sæla heimsins svala lind.“, *Bautasteinn*, 1. tölublað, 17. árgangur, Kirkjugarðasamband Íslands, Reykjavík, 2012.

Gunnar Bollason skrifaði um “Grave slabs”, [kafli í riti Dr. Guðrúnar Sveinbjarnardóttur í enskri þýðingu hennar.] Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Reykholt. Archaeological investigations at high status farm in Western Iceland*, Snorrastofa og Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, 2012.

Kristinn Magnússon. Dalmót í Mosfellsdal, Rannsóknarskýrslur Fornleifaverndar ríkisins 2012.

Kristinn Magnússon. Reykir í Mosfellsbæ. Rannsóknarskýrslur Fornleifaverndar ríkisins 2012.

Kristinn Magnússon. Hvar var kirkja og kirkjugarður á Reykjum ? Grein í *Mosfellingi* (12. tbl. 11. árg. Fimmtudagur 27. september 2012).

Kristín Huld Sigurðardóttir. Fornleifavernd ríkisins 2001-2012. Eldjárn-rit fornleifafræðinema við Háskóla Íslands, 1.Tbl. 6. Árg. 2012.

Þór Hjaltalín og Sólborg Una Pálsdóttir.

Siglunes. *Fornleifakönnun*. Rit Fornleifaverndar ríkisins, 2012.

Þór Hjaltalín og Sigurður Bergsteinsson: *Þiðriksvellir við Steingrímsfjörð. Fornleifarannsókn haustið 2000*. Rit Fornleifaverndar ríkisins 2012:2. Reykjavík, 2012.

Þór Hjaltalín, Guðmundur St. Sigurðarson et. al: *Vík í Víkurtorfu. Neyðarrannsókn 2012*. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2012:128. Sauðárkróki 2012.

Fyrirlestrar og kenningar

Agnes Stefánsdóttir: „Fornleifar og framkvæmdir“. Fyrirlestur hjá Mími-símenntun. Hluti af námsleiðinni Jarðlagnatækni, námi ætluðu verkamönnum, flokkstjórum, verkstjórum og verktökum sem vinna við nýlagnir, endurbætur, viðhald og viðgerðir rafstrengja, vatnslagna, hitalagna, fjarskiptalagna og fráveitna í jörð.

Agnes Stefánsdóttir: „Viking Age Monuments and Sites. A transnational serial nomination to the UNESCO World Heritage List.“ Fyrirlestur haldinn á ráðstefnunni „Viking Route Heritage Sites in Russia“, 25. Apríl 2012 í St. Pétursborg í Rússlandi.

Agnes Stefánsdóttir: „Forngrípur og sýni úr fornleifauppgröftum, lausafundir og kirkjugrípur“. Fyrirlestur á fræðslufundi fyrir tollverði: „Menningarverðmæti og náttúruminjar – ólöglegur inn- og útflutningur“, haldinn 3. maí 2012 hjá Tollstjóra.

Kristín Huld Sigurðardóttir hélt fyrirlestur sem nefndist: Hugleiðingar um yfirbyggingar minja og endurgerð þeirra á opnum fundi Fornleifaverndar ríkisins 6. janúar að Suðurgötu 39.

Kristín Huld Sigurðardóttir hélt fyrirlestur: *The fight against nature* á ráðstefnu EAC (European Archaeological Council) í París 16. mars.

Uggi Ævarsson kenndi á vettvangsnámskeiði nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands í Skálholti vikuna 3.–7. september.

Þór Hjaltalín: *Sagas, Archaeology and Tourism*. Erindi haldið fyrir ferðaðjónustuaðila frá Bretlandseyjum. Sauðárkróki 13. júní 2012.

Þór Hjaltalín: Sögustund í Víðimýrarkirkju. *Sturlungaslóð*, 19. júlí.

Almannatengsl, kynning, leiðsögn

Agnes Stefánsdóttir fór í viðtal í fréttatíma RÚV 21. nóvember vegna borana við Eldvörp á Reykjanesi.

Gunnar Bollason *Gleymt og grafið í Hólavallagarði*. Leiðsögn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Fornleifaverndar ríkisins um Hólavallagarð þar sem þeir Heimir Janusarson leiddu gesti um garðinn og kynntu sögu hans, og gróðurfar á menningarnótt 18. ágúst 2012.

Kristinn Magnússon var með leiðsögn í Þjórsárdal þann 9. júní fyrir þátttakendur í norrænni ráðstefnu (*Nordisk seminar om landskap*) sem haldin var á Selfossi,

Magnús A. Sigurðsson var með kynningu á minjum á Snæfellsnesi hjá Lionsklúbbi Stykkishólms.

Magnús A. Sigurðsson var með kynningu nokkrum sinnum sumarið 2012 um Eyrbyggjumínjar í Helgafellssveit.

Uggi Ævarsson ritaði greinar og veitti viðtöl í sunnlenska prentmiðla.

Þór Hjaltalín, fundarstjórn og kynning á málefni á kynningarfundum Fornleifaverndar ríkisins um Þorlákshúð, *Endurgerð, viðhald og varðveisla fornleifa*, Reykjavík 6. janúar 2012.

Félagsstarf

Erlent

Agnes Stefánsdóttir settist í stjórn EAC, *Europae Archaeologiae Consilium á aðalfundi samtakanna í París í mars*.

Kristín Huld Sigurðardóttir sat í stjórn EAC þar til á aðalfundinum í mars.

Innlent

Agnes Stefánsdóttir er varamaður í stjórn Félags íslenskra fornleifafræðinga.

Gunnar Bollason situr í stjórn Sagnfræðingafélags Íslands.

Agnes Stefánsdóttir er varamaður í stjórn Íslenska vitafélagsins til 2012.

Kristín Huld Sigurðardóttir er varaformaður félags menningarstjórnenda: Cultura Cura.

Kristín Huld Sigurðardóttir er varamaður í stjórn Hins íslenska fornleifafélags.

Þór Hjaltalín er varamaður í stjórn Hins íslenska fornleifafélags.

Þór Hjaltalín var ritari í stjórn íslensku ICOMOS nefndarinnar. Gekk úr stjórn vorið 2012.

Þór Hjaltalín er í stjórn Landnáms Ingimundar gamla sem vinnur að verkefninu Á slóð Vatnsdælasögu.

Þór Hjaltalín er í stjórn verkefnisins "Vatnsdæla á refli" í samvinnu við Textíilsetur Íslands, Listaháskóla Íslands o.fl. aðila.

Þór Hjaltalín er fulltrúi í siðanefnd Félags íslenskra fornleifafræðinga.

Samstarfsverkefni

Innlent samstarf:

Agnes Stefánsdóttir er varafulltrúi Fornleifaverndar ríkisins í Breiðafjarðarnefnd.

Gunnar Bollason hefur setið í vinnuhópi um varðveislu Hólavallagarðs.

Gunnar Bollason hefur setið um árabíl sem varamaður forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins í Kirkjugarðaráði.

Kristinn Magnússon var í samstarfi við kennara í eldri deild Varmárskóla í Mosfellsbæ vegna undirbúnings þemadaga í skólanum. Rústir bæjarhúsanna að Varmá sem eru á skólalóðinni og rannsókn á kirkjurústum Varmáarkirkju sem fram fór árið 1968 voru meðal efnis á þemadögunum.

Kristinn Magnússon sat í fagraði sem er vettvangur faglegrar umræðu um fornleifarannsóknir í miðbæ Reykjavíkur og bakhjarl stýrihóps sem skipaður er til að hafa yfirumsjón með heildarrannsókn fornleifa í miðbæ Reykjavíkur. Haldnir voru fjórir fundir á árinu.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í Heimsminjanefnd Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í Kirkjugarðaráði.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í ráðgjafanefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Kristín Huld Sigurðardóttir var formaður nefndar um endurbyggingu, miðlun og bætt aðgengi í Stöng í Þjórsárdal.

Magnús A. Sigurðsson tók í mars þátt í vinnuhóp um atvinnuþróun og tækifæri á Snæfellsnesi 2025. Verkefnið var samstarfsverkefni Þróunarfélags Snæfellinga, Atvinnuráðgjafar Vesturlands, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Netspors.

Magnús A. Sigurðsson er þátttakandi í vinnuhóp um mótun svæðisskipulags fyrir svæðisgarð á Snæfellsnesi.

Sigurður Bergsteinsson tók þátt í samstarfi við Ljósop ehf um gerð sjónvarpsþáttar um fund á leifum konu frá 10. öld á Vestdalsheiði við Seyðisfjörð.

Uggi Ævarsson er í samstarfi við sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp um uppbyggingu í Þjórsárdal.

Þór Hjaltalín hefur undanfarin ár unnið að verkefninu *Á söguslóð Vatnsdælasögu* í samvinnu við ferðabjónustuaðila í Húnaþingi. Eitt meginmarkmið verkefnisins er að bæta aðgengi og veita upplýsingar um merka minjastaði í héraðinu, m.a. með uppsetningu upplýsingaskilta, útgáfu af ýmsu tagi og viðburðum.

Þór Hjaltalín vinnur að verkefninu *Sturlungaslóð* með ferðabjónustuaðilum o.fl. stofnunum í Skagafirði. Eitt megin markmið verkefnisins er að bæta aðgengi og veita upplýsingar um merka minjastaði í héraðinu, m.a. með uppsetningu upplýsingaskilta, útgáfu af ýmsu tagi og viðburðum.

Erlent samstarf

Agnes Stefánsdóttir er verkefnisstjóri *Viking Age Sites around the North Atlantic and the Baltic Sea*, tilnefningu víkingaminja frá fimm löndum á Heimsminjaskrá UNESCO. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir verkefninu forstöðu.

Agnes Stefánsdóttir tekur þátt í Evrópuverkefninu **HEREIN** fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar ríkisins.

Agnes Stefánsdóttir sat í undirbúningsnefnd fyrir norrænt samstarfsverkefni um Faro samninginn

Gunnar Bollason er landsfulltrúi Fornleifaverndar ríkisins vegna Evrópska

menningarminjadagsins / European Heritage Days).

Inga Sóley Kristjónudóttir tók þátt í undirbúningsfundi CERIMA vegna verkefnis um hvernig hægt er að nýta menningarminjar til að sporna við loftlagsbreytingum.

Kristín Huld Sigurðardóttir sækir árlega fundi forstöðumanna minjastofnana í Evrópu (European Heritage Heads forum). Fundur ársins 2012 var í Potsdam í Þýskalandi.

Kristín Huld Sigurðardóttir sækir árlega fundi Þjóðminjavarða Norðurlanda. Fundur ársins 2012 var í Sogndal í Noregi.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti hátíð í Osló í nóvember sem haldin var vegna 100 ára afmælis norska Þjóðminjavarðarembættisins.

Kristín Huld Sigurðardóttir fór á fund á vegum EHLF (European Heritage Legal Forum) hjá English Heritage í London í desember þar sem rætt var um staðla vegna hagræns gildis minja.

Sólborg Una Pálsdóttir og Sigurður Bergsteinsson taka þátt í Evrópuverkefninu CARARE fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins.

Uggi Ævarsson fór 11.- 4. júní á ráðstefnu til Esslingen í Þýskalandi vegna Evrópuverkefnisins „Arches“ sem tekur til staðla um umgengni við gögn og gripi úr fornleifarannsóknum.

Þór Hjaltalín er tengill vegna ársfunda Þjóðminjavarða Norðurlanda. Undirbúningsfundur var haldinn í Osló 6. mars og fundur Þjóðminjavarða fór fram í Sogndal í Noregi 4.- 6. júní 2012.

Økosystemtjenester – kulturarvens rolle og bidrag er nýtt verkefni á vegum Þjóðminjavarða Norðurlanda sem er í burðarliðnum. Þór Hjaltalín sótti undirbúningsfund í Oslo 1. og 2. nóv. 2012.

Námskeið, ráðstefnur, nám:

Starfsfólk sótti sérsniðið námskeið um Go-pro fyrir starfsfólk Fornleifaverndar þann 2. maí sem María Hjaltalín hjá Hugviti hélt .

Agnes Stefánsdóttir og Kristín Huld Sigurðardóttir sátu 13. ráðstefnu EAC í París 15.-17. mars 2012.: Who Cares? Perspectives on Public Awareness, Participation and Protection in Europe's Archaeology.

Gunnar Bollason sótti á vormánuðum ásamt öðru starfsfólki Fornleifaverndar námskeið um notkun og möguleika á tölvuforritunum EXCEL og WORD.

Gunnar Bollason sótti námskeið í tímfstjórnun við Háskólann í Reykjavík.

Inga Sóley Kristjónudóttir sat námskeið á vegum Byggðastofnunar um IPA-styrki Evrópusambandsins.

Inga Sóley Kristjónudóttir stundaði diplómanám í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands.

Kristinn Magnússon sótti námskeið vegna innleiðingar nýs eignaskráningarkerfis hjá ríkinu. Námskeiðið var haldið hjá Fjársýslu ríkisins 16. febrúar.

Kristinn Magnússon sat ráðstefnu Skipulagsstofnunar. Mat á umhverfisáhrifum — í ljósi reynslunnar 24. apríl.

Kristinn Magnússon sat norræna ráðstefnu: *Nordisk seminar om landskap*, sem haldin var á Hótel Selfoss dagana 7.- 9. júní.

Kristinn Magnússon sat kynningarfund stýrihóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um heildarrannsókn fornleifa í miðbæ Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í fyrirlestrasal Þjóðminjafns Íslands 19. september.

Kristinn Magnússon sótti námskeið vegna Evrópusambandsstyrkja (IPA-styrkja) á vegum Byggðastofnunar. Námskeiðin voru haldin dagana 10. september og 2., 3. og 29. október.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti námskeið hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti þann 3. apríl um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð á krepputímum.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti fund í mennta- og menningarmálaráðuneyti 17. ágúst um EFTA- sjóði.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti flesta kynningarfundir forstöðumanna ríkisstofnana og stofnunar um stjórnarsýslufræði árið 2012.

Magnús A. Sigurðsson tók þátt í ráðstefnu í Aþenu, Grikklandi, um framtíð minjaverndar á tímum kreppu.

Magnús A. Sigurðsson tók í ágúst þátt í opnu málþingi um Sögu Breiðafjarðar sem haldið var í Stykkishólmi.

Magnús A. Sigurðsson tók í október þátt í fornleifafræðiráðstefnu í tilefni 20 ára afmælis Félags íslenskra fornleifafræðinga.

Magnús A. Sigurðsson tók í nóvember þátt í Miðlun og menning, ráðstefnu og námskeiði um Menningararfinn í þrívídd.

Sigurður Bergsteinsson sótti fund hins þingeyska fornleifafélags á Narfastöðum 5. apríl.

Sigurður Bergsteinsson sótti ásamt Karli Emil Karlssyni sóttu vinnufund CARARE verkefnisins á Mykonos í Grikklandi 24. og 25. maí.

Sigurður sótti farskóla safnamanna á Akureyri dagana 19. – 21. september. Sigurður Bergsteinsson og Guðlaug Vilbogadóttir hjá Húsafriðunarnefnd ríkisins sótu lokafund CARARE verkefnisins í Kaupmannahöfn dagana 7. til 9. október.

Uggi Ævarsson sótti málþing og námskeið um miðlun menningararfsins í þrívídd á vegum Fornleifaverndar ríkisins og CARARE í Reykjavík í maí.

Þór Hjaltalín stundar PhD rannsókn við Háskólann í Osló. Titill rannsóknarinnar er “Chiefs and Landscape. The Ideology and Manifestation of Land Dominance in 13th Century Iceland — The case of Ásbirningaríki”.

Upplýsingaskilti

Magnús A. Sigurðsson vann að gerð skiltis fyrir minjasvæðið í Flókatóftum með Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

Áningastaður við Biskupavörður á Biskupshálsi, með upplýsingaskiltum, bílastæðum og gönguslóðum var opnaður 29. júní. Verkefnið var samstarfsverkefni Biskupsstofu, Vegagerðarinnar, Landgræðslu ríkisins og Fornleifaverndar ríkisins og var Sigurður Bergsteinsson fulltrúi Fornleifaverndarinnar.

Friðlýsingar:

Enn er unnið að friðlýsingu Beinakerlingar og annarra varða við hana á Sprengisandi. Ekki hefur reynst unnt að þinglýsa friðlýsingu, þar sem ekkert landnúmer er enn komið á Þjóðlenduna, sem vörðurnar tilheyra.

Umsagnir um lagafrumvörp

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn vegna þingskjals 1165-727 mál. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Atvinnumálanefnd).

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn vegna 316 máls, frumvarps til laga um menningarmínjar.

Fornleifavernd ríkisins svaraði erindi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis vegna byggingar húss yfir Þorláksbúð í

Fornleifavernd ríkisins svaraði erindi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis vegna byggingar húss yfir Þorláksbúð í Skálholti.

Kristín Huld Sigurðardóttir og Þór Hjaltalín sóttu fund í allsherjar- og menntamála- nefnd um lög um menningarminjar 8. mars.

Kristín Huld Sigurðardóttir og Þór Hjaltalín sóttu fund í allsherjar- og menntamála- nefnd um lög um menningarminjar 18. júní.

Umsagnir um útflutning menningarminja:

Umsögn um leyfi til útflutnings sýna úr tannsteini á tönnum í beinagrindum úr Skagafirði. Umsækjandi Guðný Zoëga. 26. júní 2012.

Umsögn um leyfi til útflutnings gripa og sýna úr Surtshelli. Umsækjandi Kevin Smith. 6. desember 2012.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn um leyfi til útflutnings tveggja gripa úr fornleifarannsókn í Vogu í Höfnum í Reykjanesbæ.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn um leyfi til útflutnings textílsýna úr fornleifarannsóknnum í Reykholti, Hrísbú, Kaldárhöfða, Bergþórshvoli og Skriðuklaustri.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn um leyfi til útflutnings textílsýna frá Stóruborg, Vík og Meðalheimi.

Sumarstarfsmenn:

Vegna átaksverkefnis á vegum Félags- og tryggingarmálaráðuneytis og Vinnu- málastofnunar voru tveir ráðnir til að sinna tímabundnum verkefnum:

1. Jakob Orri Jónsson vegna skráningarmála (Sauðárkrókur)

2. Niels Pálmi Sigurðsson sem staðarvörður. Þingeyraklausturs.

Karl Emil Karlsson, nemi í tölvunarfræði, vann að nýsköpunarverkefni sem tengdist þátttöku Fornleifaverndar í Evrópu- verkefninu CARARE.

Starfsstöðvar og starfsfólk



**TAKK FYRIR
SAMVINNUNA
OG GÓÐ
KYNNI 2001-
2012.**

Forstöðumaður

Kristín Huld Sigurðardóttir
Suðurgötu 39, Reykjavík
Sími: 5556630, fax: 5556631
Netfang: kristinhuld@fornleifavernd.is

Ritari

Hanna Jóhannsdóttir
Suðurgötu 39
101 Reykjavík
Sími: 5556630, fax: 5556631
Netfang: hanna@fornleifavernd.is

Deildarstjóri umhverfismats

Kristinn Magnússon
Suðurgötu 39, Reykjavík
Sími: 5556634, fax: 5556631
Netfang: kristinn@fornleifavernd.is

Deildarstjóri skipulagsmála

Agnes Stefánsdóttir
Suðurgötu 39, Reykjavík
Sími: 5556633, fax: 5556631
Netfang: agnes@fornleifavernd.is

Verkefnisstjóri minningarmarkaskráningar

Gunnar Bollason
Suðurgötu 39, Reykjavík
Sími: 5556632, fax: 5556631
Netfang: gunnar@fornleifavernd.is

Minjavörður Vesturlands

Magnús A. Sigurðsson
Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi
Sími: 4381880/8659942, fax: 4381705
Netfang: magnus@fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands vestra

Þór Hjaltalín
Aðalgötu 23, 550 Sauðárkróki
Sími: 453 6203/845 8510
Netfang: thor@fornleifavernd.is

Deildarstjóri skráningarmála

Sólborg Una Pálsdóttir
Aðalgötu 23, 550 Sauðárkróki
Sími: 453 6203/862 4353,
Netfang: solborg@fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands eystra

Sigurður Bergsteinsson
Þórunnarstræti 99, 600 Akureyri
Sími: 462 1089/865 9942
Netfang: sigurdur@fornleifavernd.is

Minjavörður Austurlands

Inga Sóley Kristjónudóttir
Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstaðir
Sími: 471 1451/864 1451, fax: 471 1452
Netfang: ingasoley@fornleifavernd.is

Minjavörður Suðurlands

Uggi Ævarsson
Skógum, 861 Skógum
Sími: 821 4338/8988852
Netfang: uggi@fornleifavernd.is